



Borgarráð

Samningur við Rannsóknarmiðstöð Íslands um áframhaldandi stuðning við Nýsköpunarsjóð námsmanna

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagðan samning við Rannsóknarmiðstöð Íslands (Rannís) um áframhaldandi stuðning Reykjavíkurborgar við Nýsköpunarsjóð námsmanna fyrir árin 2024-2026.

Greinagerð:

Nýsköpunarsjóður námsmanna var stofnaður 1992. Reykjavíkurborg hefur um langt skeið verið ásamt ríkinu (nú háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti) bakhjarl sjóðsins. Frá stofnun hafa mörg hundruð námsmenn unnið verkefni fyrir tilstyrk sjóðsins.

Styrkir eru veittir til rannsókna- og þróunarverkefna sem líkleg þykja til að stuðla að nýsköpun og auknum tengslum háskóla, stofnana og fyrirtækja. Umsóknir um styrki skal meta með hliðsjón af möguleikum til hagnýtingar í atvinnulífinu og nýnæmi fyrir þekkingu í viðkomandi fræðigrein.

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023 voru samþykktar 92 tillögur um hagræðingu í rekstri borgarinnar og var tillaga númer 13 sú að borgin myndi lækka árlegt framlag sitt úr 30 milljónum niður í 15 milljónir. Þar til viðbótar var kveðið á um að framlag borgarinnar væri sérstaklega ætlað verkefnum sem tengdust henni.

Þessi nýi samningur er unnin í takt við þessa hagræðingartillögu.

Stuðningur borgarinnar við nýsköpun er í samræmi við samþykktu stefnumörkun borgarinnar þ.á.m. Græna planið > Vaxandi borg > Ný atvinnutækifæri framtíðar þar sem segir:

„Reykjavíkurborg tekur þátt í ýmiss konar árangursríku klasasamstarfi og alþjóðlegu nýsköpunar- og rannsóknarsamstarfi“

Einnig er tilgreint í Atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkur > 3. Fleiri stoðir verðmætasköpunar > 3.2 Eflum [...] samstarf um nýsköpun og rannsóknir:

„Borgin mun vinna með atvinnulífinu og nýsköpunarsamfélaginu, í innlendu og alþjóðlegu nýsköpunar- og rannsóknarsamstarfi“.

Það er fagnaðarefni að með nýjum samningi tryggir borgin nú að á komandi árum horfi nemendur við háskóla landsins til borgarinnar þegar þeir leita sér að spennandi og krefjandi verkefnum sjálfum sér og borginni til heilla.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Samningur Reykjavíkurborgar og Rannís um framlag til Nýsköpunarsjóðs námsmanna

SAMNINGUR

Milli

Rannsóknamiðstöðvar Íslands (Rannís)

og

Reykjavíkurborgar

um framlag til Nýsköpunarsjóðs Námsmanna (NSN)d

Um Nýsköpunarsjóð Námsmanna

NSN var stofnaður árið 1992 og starfar á grundvelli reglugerðar nr. 450/2007¹ með áorðnum breytingum. Reglugerðin er lögð til grundvallar þessum samningi, samkvæmt honum er sjóðurinn í vörslu sjóðsstjórnar. Fjármagn í NSN kemur annars vegar frá ráðuneyti háskóla, iðnaðar og nýsköpunar og hins vegar frá Reykjavíkurborg.

Um hlutverk Nýsköpunarsjóðs Námsmanna

Markmið sjóðsins er að gefa háskólum, rannsóknastofum og fyrirtækjum tækifæri til að ráða námsmenn í námi við háskóla í sumarvinnu við metnaðarfull og krefjandi rannsóknarverkefni. Styrkjum er úthlutað til nemenda og kennara á háskólastigi, fyrirtækja, rannsóknastofnana eða einstaklinga sem teljast hafa sérþekkingu á ákveðnu sviði, til þess að ráða stúdenta til sumarstarfa. Markmið sjóðsins er að stuðla að nýsköpun, jafnt fyrir atvinnulíf sem á fræðasviði.

Um Rannís

Rannís er ríkisstofnun sem heyrir undir ráðherra háskóla, iðnaðar og nýsköpunar og starfar á grundvelli laga nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, með áorðnum breytingum.

Um hlutverk Rannís

Rannís veitir íslensku vísinda- og tæknisamfélagi aðstoð til framþróunar á innlendum og erlendum vettvangi. Rannís er jafnframt samstarfsvettvangur til undirbúnings og framkvæmdar opinberrar vísinda- og tæknistefnu ásamt því að gera áhrif rannsókna á þjóðarhag og hagvöxt sýnilegan.

Kostnaður við Rekstur Nýsköpunarsjóðs námsmanna

Kostnaður við rekstur NSN, þ.e. dagleg umsýsla, kynningarefni og annar rekstrarkostnaður, greiðist af ráðstöfunarfé sjóðsins. Ráðstöfunarfé sjóðsins kemur af fjárlögum hins opinbera annars vegar og hins vegar af framlagi Reykjavíkurborgar.

Framlag Reykjavíkurborgar til sjóðsins

Árlegt framlag Reykjavíkurborgar til sjóðsins á gildistíma þessa samnings er 15 m.kr. Framlag Reykjavíkurborgar skal nýta til að greiða fyrir 42 mannmánuði fyrir stúdenta í sumarstarfi, sem samsvarar a.m.k. 14 styrkjum. Þeir styrkir munu renna til verkefna á málefnasviðum sem tengjast borgarfræðum eftir frekari skilgreiningu Reykjavíkurborgar eftir því sem við á.

¹ stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=c9d3a03d-709d-41b6-8bab-f893c77b0c45

Umsýsla Rannís á framlagi Reykjavíkurborgar til sjóðsins

Með samningi þessum felur Reykjavíkurborg Rannís að annast umsýslu með framlagi Reykjavíkurborgar í sjóðinn á samningstímanum. Hlutverk Rannís skv. samningnum er fólgið í að:

1. Skipuleggja starfsemi NSN í samráði við Reykjavíkurborg og skv. ákvörðun sjóðsstjórnar
2. Undirbúa og boða til funda í stjórn sjóðsins og rita fundargerðir í samráði við formann
3. Annast kynningu á sjóðnum, veita upplýsingar um starfsemi hans, úthlutunarstefnu, áherslur, fresti og skilyrði, auglýsa eftir umsóknnum og hafa umsjón með gerð kynningarefnis.
4. Taka á móti og flokka umsóknir með tilliti til málefnasviða sem Reykjavíkurborg tiltekur í aðdraganda hvers uppsagnarfrests.
5. Taka á móti og fara yfir lokaskýrslur
6. Skipuleggja starf fagráða sem meta umsóknir.
7. Annast afgreiðslu styrkja
8. Sjá um skipulag og veitingu Nýsköpunarverðlauna Forseta Íslands.
9. Setja upp og sjá um verkefnabókhald og tilheyrandi reikningshald

Um greiðslur til Rannís

Reykjavíkurborg greiðir árlega 15 milljónir í sjóðinn til að standa straum af styrkjum og kostnaði við rekstur hans skv. eftirfarandi:

- Ef árleg heildarframlög til sjóðsins eru 50.000.000 þá er umsýsluhlutfall Rannís 10% (þar af 1.500.000 kr. af framlagi Reykjavíkurborgar)
- Ef árleg heildarframlög til sjóðsins eru 75.000.000 þá er umsýsluhlutfall Rannís 8% (þar af 1.200.000 kr. af framlagi Reykjavíkurborgar)
- Ef árleg heildarframlög til sjóðsins eru 100.000.000 þá er umsýsluhlutfall Rannís 6% (þar af 900.000 kr. af framlagi Reykjavíkurborgar)
- Ef árleg heildarframlög til sjóðsins eru 125.000.000 þá er umsýsluhlutfall Rannís 4,8% (þar af 720.000 kr. af framlagi Reykjavíkurborgar)
- Ef árleg heildarframlög til sjóðsins eru 150.000.000 þá er umsýsluhlutfall Rannís 4% (þar af 600.000 kr. af framlagi Reykjavíkurborgar)

Gildistími og endurskoðun

Samningur tekur gildi við undirskrift og gildir til 31. desember 2026. Hann skal endurskoða fyrir 31. október 2026.

Staðfesting

Undirritaðir staðfesta samning þennan með undirritun sinni og dagsetningu:

Reykjavík,

Ágúst Hjörtur Ingbórsson

Forstöðumaður Rannís

Dagur B. Eggertsson

Reykjavíkurborg